

# HELMIR

V. úrgangur

WINNIPEG, 1908.

6. blað.

## Fyrir dag.



R það dagur eða tunglið bleika  
Er um glugga hússins bjarmar inn?  
Eða leggur litla týran veika,  
Lampa frá, þar götulýðir reika,  
Gagnert hingað glampann föla sinn?

Er það sannleiksljós eða lygaglæta  
Ljósíð það, sem vitið að sér snýr?  
Hvar er sönnun? — Það má lengi þræta,  
Þar sem sljófir glampar augum mæta,  
Hvað þeir sé og hvað þá bak við býr.

Lífsins fölvi, mannheims mjallarlýsa,  
Myrkurhverfis hæðiorð og brígðl,  
Fyllir nótt með nákul feigðarísa:  
Nepjur upp af frostnum straumum rísa.  
Sorg og ótti verða þær á víxl.

*Kristinn Stefánsson.*